

id á Frakklandi. Fyrri greinin takmarkar réttindi þjóðþingsins, með því að taka hið nú verandi stjórnarform undan endurskoðunarretti þess. Síðari greinin ákveður, að engan megi kjósa til forseta þjóðveldisins, sem kominn sé af ættum þeim, er ríkt hafa á Frakklandi. Það er þannig loku fyrir skotið, að þeir, er telja til konungs- eða keisaratignar á Frakklandi geti komið til þeirrar upphefðar á sama hátt og Napoleon 3.

Danmörk. Þingið kom saman í miðjum þessum mánuði til þess að athuga kjörbréfin. Menn höfðu búizt við að spánski samningurinn mundi þegar verða lagður fyrir þingið í annað sinn, en ekkert varð þó af því. Nú eru Færeyjar líka búnar að slíta tryggðum við stjórnina, svo hún hefur að eins 19 menn í fólkspinginu, en mótstöðumenn hennar eru 83. Það er í orði að Skeel innanríkisráðgjafi segi af sér, og Ingerslev, auðugur jarðeigandi, kom í stað hans. — Sverdrup ráðgjafarseti Norðmanna var hér á ferð í byrjun mánaðarins, og héldu vinstri menn honum mikla veizlu. Til veizlunnar komu fulltrúar frá nálega öllum vinstrimannafélögum í landinu og auk þess allmargir Svíar. Veizlan var haldin í Skoðsborg, ekki langt frá Kaupmannahöfn. Meðal annara heillaóska, er honum voru sendar, var ein frá íslenskum stúdentum í Kaupmannahöfn, og ritaði hann þeim aptur mjög hlýlegt þakkarbréf.

Síðastliðna viku hefur verið mikið um dýrðir hér í borginni, því hér hefur staðið alsberjar-læknafundur, og er það sá 8. er haldinn hefur verið. Það voru Frakkar, sem fyrst tóku upp þessa læknafundi og var sá fyrsti haldinn í París 1867. Síðan hafa þeir verið haldnir í ýmsum ríkjum álfunnar og hafa æ verið betur og betur sóttir, því menn hafa fundið til þess, að þeir hafa verið læknisvísundnum til mikilla heilla og flýtt fyrir útbreiðslu nýjustu rannsókna. Þeir er læknafundur þennan sóttu voru 12 hundruð, og voru þar á meðal hinir frægustu læknar heimsins og skulum vèr nefna Pasteur frá Frakklandi, Lister frá Englandi og Virchow frá Þýskalandi. Pasteur er reyndar eigi læknir, en hann hefur með rannsóknunum sínum unnið læknisfræðinni meira gagn en nokkur annar maður á þessari öld. Frægastur er hann af rannsókn sinni um gerunina og sýndi hann að hún stafaði af smásvömpum, er eigi sjást nema í bezta sjónaukum. Hann sýndi og að silkiormssýkin og vínviðarveikin væri af sömu rótum runnin. Rannsóknunum sínum nm æði á hundum, sem er mjög algeng veiki og hættuleg í útlöndum, hefur hann lokið í ár, og hefur fundið ráð til að verja hunda

veikinni með bólusetningu. Hann færir sýkina frá veikum hundi yfir á annað dýr, og tekur síðan blóð úr því og setur í helbrigða hunda; fá þeir þá að sönnu sýkina en svo milda að hún verður eigi að skada, en gjörir þá ómóttækilega fyrir hana á eptir. — Lister er frægur af rannsóknunum sínum um «sárafeber». Hann færði sér í nyt kenningu Pasteurs um þessa lifandi smálkama, sem úir og grúir af í loptinu og á jörðinni, í borðum og stólum og fötum manna o. s. frv. Datt honum í hug að þeir mundu valda veikinni, og fann ráð til að varna þessum smálkómum að komast í sárið og spilla því. Þetta nefna menn «Antiseptik». Virchow er frægur fyrir nýja skoðun á sjúkdómunum. Áður héldu læknar að sjúkdómarnir ættu rót sína að rekja til hinna föstu eða fljóttandi hluta líkamans, en Virchow hefur sannað, að allt lifandi er myndað af smáhvöllum einum, og í þeim leita menn því að uppruna sjúkdómanna. Annars hafa Danir haft mikinn heiður af þessum læknafundi.

Reykjavík 6. sept. 1884.

Embættisskipun. Landshöfðinginn yfir Íslandi vèk 25. f. m. *Fensmark* sýslumanni í Ísafjardarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði frá embætti um stundarsakir fyrir vanskil á gjöldum til landssjóðs og hirðuleysi í embættisfærslu. *Fensmark* varð sýslumaður í Ísafjardarsýslu 1879.

S. d. setti Landshöfðinginn Cand. juris *Skúla Thoroddsen* til þess fyrst um sinn frá 1. p. m. að gegna embættinu sem sýslumaður í Ísafjardarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði.

Málfærslumaður. Landshöfðinginn hefur sett Cand. juris *Franz Siemsen* til þess fyrst um sinn að vera málfærslumaður við yfirrettinn.

Strandferðaskipið *Laura* fór hëðan norður og austur um land 29. f. m. Með því fór hëðan fjöldi farþegja, þar á meðal Jóhannes Ólafsson, hinn nýi sýslumaður Skagafirdinga, til sýslu sinnar, og hinn setti sýslumaður Ísfrirdinga, Skúli Thoroddsen, til Ísafjardar o. fl.

Grænlandsferð. Herskipið «*Fylla*» kom hingað aptur úr Grænlandsferð sinni (sbr. 15. blað «*Suðra*» p. á.) 25. f. m. Höfðu ýmsir firðir á vesturströndinni verið kannaðir, en að austurströndinni komst «*Fylla*» ekki sökum íss. «*Fylla*» fór hëðan beina leið til Kaupmannahafnar eptir 3 daga dvöl.

Manualát og tjón. Miðvikudaginn 27. f. m. druknaði *Þorsteinn Guð-*

brandsson bóndi á Kothúsum í Garði við 3. mann í fiskiröðri.

Kaupmaður *H. P. Duus*, eigandi verzlunar í Keflavík, vinsæll maður og vandaður, dó í Kaupmannahöfn 23. júlímán.

Gísli Guðmundsson, stúdent í Kaupmannahöfn, ættaður úr Húnavatns-sýslu, datt útbyrðis af gufuskipi á leið frá Jótlandi til Kaupmannahafnar og druknaði. Hann var útskrifaður úr latínuskólanum hér með beztu einkunn 1882, stundaði síðan málfræði við háskólann í Kaupmannahöfn og var einstaklega efnilegur og reglusamur gáfu- og dugnaðarmaður.

Heiðursgjafir úr *styrktarsjóði Christians konungs 9.* fyrir þetta ár hefur Landshöfðinginn 29. f. m. veitt *Ólafi Sigurðssyni*, umboðsmanni í Ási, og *Sæmundi Sæmundssyni*, bónda á Elliðavatni 160 kr. hvorum, báðum fyrir framúrskarandi dugnað í búnaði.

Embættispróf á prestaskólanum var haldið nú um mánaðamótin. Þessir tóku próf:

<i>Árni Jónsson</i>	fekk 1. eink. 50 stig
<i>Kristinn Daniéls.</i>	— 1. — 49 —
<i>Jón Sveinsson</i>	— 1. — 49 —
<i>Stefán Jónsson</i>	— 2. — 35 —
<i>Pétur M. Þorsteins.</i>	— 2. — 31 —
<i>Jón Thorsteinsen</i>	— 2. — 27 —
<i>Halldór Bjarnarson</i>	— 2. — 23 —

Einn kandidat náði ekki prófi.

Veðnrátt. Nú með mánaðamótunum brá heldur til batnaðar, svo að nú hefur verið þerrir að meiru eða minna leyti hina síðustu daga.

Ný ey við Reykjanes. Í hinni fróðlegu ritgjörð sinni, «*Ferðir á Suðurlandi*», í þ. á. «*Andvara*», segir *Þorvaldur Thoroddsen* um sjóinn fyrir utan Reykjanes (bls. 41.): «*Hér hafa margopt orðið mikil gos á mararbotni og nokkrum sinnum er þess getið, að skotið hafi upp eyjum við gosin, en svo hafa þær horfið aptur, eins og náttúrlegt er. Eyjar, sem koma upp við gos á mararbotni, eru optast eigi annað en gjall og hraunhrúgur, sem hafa tylðrast svo hátt upp, að þær ná upp úr sjónum, en af því að þær eru svo lausar í sér, er brimið fljótt að brjóta þær og jafna yfir*». Telur hr. *Þorvaldur* ýms gos, er þar hafi orðið og árið 1422 skaut þar upp ey, sem sást um tíma en hvarf síðan; árið 1783 urðu gos mikil fyrir Reykjanesi og kom þá upp ey fyrir utan Fuglasker og var kölluð *Nýey*, en hún hvarf skömmu síðar. *Nýey* var eldgígur og gaus hrauni og vikri. Seinasta gos fyrir Reykjanesi telur hr. *Þorvaldur* það, er varð um vorið 1879 (30. maí).

Hinn 1. p. m. ritaði vitavörður á Reykjanesi, hr. *Jón Gunnlaugsson*, ritstjóra Ísafoldar og skýrði frá því, að